# Kæri nemandi



Í þessum kafla eru ritunarverkefni. Markmið þeirra er að kenna þér að:

- Þekkja hugtök eins og upphaf, miðja og endir í sögugerð.
- Nota orðabækur og önnur hjálpargögn við ritun.
- Nota stafsetningarreglur sem þú hefur lært, t.d. n- og nn-regluna og regluna um stóran og lítinn staf.
- Leggja mat á vinnu þína.
- Setja þér markmið í ritun.

## Þú þarft að velja verkefni í samráði við kennara.

Hér er listi yfir það sem þú þarft að hugleiða við ritun þína.

- **Söguskífa/hugtakakort/hugarkort**. Þegar þú hefur valið verkefni er hjálplegt að nota söguskífu/hugtakakort/hugarkort við að undirbúa skrifin.
- **Sýna kennara**. Þegar þú hefur lokið undirbúningi er gott að fá álit kennarans eða félaga á hugmynd þinni.
- **Uppkast**. Þegar kennarinn eða félaginn hefur farið yfir skífuna/kortið skrifar þú fyrsta uppkast að sögunni/textanum þínum.
- **Lesa yfir**. Þegar þú hefur lokið við uppkastið átt þú að lesa það upphátt og leiðrétta villur sem þú sérð og heyrir.
- **Sýna kennara**. Þegar þú hefur lokið við að leiðrétta uppkastið pantaðu viðtal hjá kennaranum til að fara yfir verkið með þér.
- **Hreinrita**. Þá er komið að því að hreinrita textann. Mundu eftir að vanda allan frágang.
- **Meta í verkmöppu**. Þegar hreinritun er lokið átt þú að meta verkið í verkmöppuna. Þegar þú gerir það verður þú að hafa uppkastið hjá þér. Þú átt að segja hvernig þér gekk að skrifa textann, hvað þú þurftir að lagfæra og hvað gekk vel. Að lokum átt þú að gefa sjálfum þér einkunn.
- **Sýna kennara**. Láttu kennarann hafa verkmöppuna ásamt uppkastinu og endanlegri útgáfu og þið farið yfir mat þitt.
- **Gefa út.** Þú getur lesið söguna þína fyrir bekkinn eða sett hana í bekkjabókasafnið.

# Kassinn

Þú finnur kassa sem er skrítinn og ákveður að skrifa sögu um hann.
Áður en þú byrjar að skrifa söguna verður þú að hugleiða:

Hvernig lítur kassinn út?

Á sagan að gerast í raunveruleikanum?

Er kassinn dauður hlutur eða gæddur lifandi eiginleikum?

Hvað er í kassanum?

Segðu frá því hvað gerðist þegar þú fannst kassann og opnaðir hann.

# Í öðru landi

Einn morguninn þegar þú vaknar ert þú staddur/stödd í öðru landi. Þú verður að lesa um landið sem þú vaknar í og nota þær upplýsingar í söguna þína.

# Litli græni froskurinn



Litli græni froskurinn horfði á trén sem gnæfðu fyrir ofan hann. Alla sína ævi hafði hann búið í tjörninni fyrir neðan trén. Á hverjum degi hugleiddi hann hvernig það væri að klifra upp tré og hafa útsýni yfir allt svæðið.



# Geimskipið



Einn dag heyrir þú mikinn hávaða fyrir utan gluggann hjá þér. Þegar þú ferð að kanna hvað valdi hávaðanum er geimskip lent í garðinum hjá þér. Skrifaðu sögu um atburðinn.

Þú ert í gönguferð með fjölskyldunni í fjörunni. Þú sérð glampa á hlut í sandinum og sérð að þetta er flaska. Í flöskunni er miði. Skrifaðu um þennan atburð og hvað gerðist þegar þú last skeytið.



Þegar allir í þorpinu voru sofnaðir laumaðist Sara út. Amma hennar var mikið veik og Sara hafði lofað henni að lækna hana. Það sem hún þurfti voru tvö krónublöð af regnbogablóminu. Blómið óx lengst inni í skóginum og hjartað í Söru sló ótt og títt þegar hún hélt inn í skóginn.

Einn dag þegar þú ert á leið í skólann sérð þú skrýtið dýr. Segðu frá því hvað gerðist þegar þú mættir dýrinu. Mundu eftir að lýsa dýrinu.

# Ofurkraftur



Ímyndaðu þér að þú búir yfir ofurkrafti til að verða ósýnilegur eða mjög sterkur. Kraftinn sem þú býrð yfir notar þú til að gera góðverk.

Davíð greip fast um sætisbrúnina þegar litla flugvélin tókst á loft. Hann var á leið til regnskóga Amazon en hann hafði unnið ferðina í happdrætti. Davíð vissi að ferðin yrði ólík öllum öðrum ferðum sem hann hafði farið og hann gat ekki beðið eftir að komast þangað.



Einn laugardagsmorgun er hringt á dyrabjöllunni hjá þér og þegar þú ferð til dyra er það uppáhaldssögupersóna þín komin í heimsókn. Hvaða persóna er þetta og hvað gerið þið saman? Skrifaðu sögu um það.

Þér er boðið í flugferð og þetta er ekki venjuleg ferð þar sem farartækið er teppi sem getur flogið. Segðu frá ferðinni og mundu eftir að lýsa teppinu.

Þú ert einn/ein heima í miklu fárviðri. Semdu sögu um hvað gerist.

# Besta ferðalagið



Þér er boðið í ferðalag á draumastaðinn þinn. Skrifaðu frásögn um ferðina og mundu eftir að til-taka hvaða staður þetta er og hvers vegna þú heldur svona mikið upp á hann.

# Dagurinn í dýragarðinum



Þú ferð í dýragarðinn og á meðan þú ert þar sleppur eitt dýrið út. Skrifaðu sögu um það. Hvaða dýr slapp? Aflaðu þér upplýsinga um dýrið í fræðibók eða á netinu og notaðu upplýsingarnar í söguna.



Þú finnur tímavél og kemst að því að þú getur ferðast fram og aftur í tíma. Skrifaðu sögu um það. Ef þú ferð aftur til fortíðar verður þú að kynna þér tímabilið sem þú velur.

# Og dýrin tóku til sinna ráða NEMENDUR

Dýrin í frumskóginum söfnuðust saman á fund. Piparfuglinn sem var foringi þeirra tilkynnti að dýrin yrðu að gera eitthvað til að stöðva mennina sem væru að eyða skóginum.



Ef þú ættir tímavél hvert myndir þú fara og hvað vildir þú sjá? Hvern vildir þú tala við eða hitta?

Ef ég ættir tímavél þá

# Töfradrykkur



Vinur þinn fann töfradrykk sem gerir þér kleift að vera ósýnilegur. Þú og vinur þitt hafa ákveðið að prófa drykkinn á morgun. Skrifaðu hvað þið ætlið að gera þegar þið verið ósýnilegir.

## Söguskífa

Þú ætlar að skrifa sögu. Það fyrsta sem þú verður að gera er að ákveða hvar sagan gerist, hvaða persónur eru í henni og hvað þær eru að takast á við. Síðan verður þú að ákveða hvernig sagan endar. Skífan hér fyrir neðan er til að aðstoða þig við að semja söguna. Þegar þú hefur ákveðið hvað sagan á að heita skrifar þú það í miðjuna á skífunni.



## Hugtakakort



Þegar þú hefur lokið við verkefnin er komið að því að meta vinnuna. Hér eru markmiðin sem voru sett í upphafi vinnulotunnar og þú átt að meta hvort þú hafið náð þeim. Settu númer þeirra á viðeigandi stað á hringnum.

Ég kann að:

1. Þekkja hugtök eins og upphaf, miðja og endir í sögu.
2. Nota orðabækur og önnur hjálpargögn við ritun.
3. Nota stafsetningarreglur sem ég hef lært, t.d. n- og nn-reglunni og reglum um stóran og lítinn staf.
4. Leggja mat á vinnu mína.
5. Setja mér markmið í ritun.



Veldu þér persónu úr sögunni og lýstu eftir henni. Byrjaðu á því að gera uppkast.

## Uppkast

Hvaða persóna er eftirlýst? ______________________________

______________________________

Hvers vegna er hún eftirlýst? ______________________________

______________________________

______________________________

______________________________

Hvernig lítur þessi persóna út? ______________________________

______________________________

______________________________

______________________________

Hvert eiga þeir sem geta gefið upplýsingar að snúa sér? ______________________________

______________________________

______________________________

______________________________

______________________________

Við gerð veggspjaldsins skaltu styðjast við upplýsingar í uppkastinu. Áður en þú hreinskrifar áttu að panta viðtal hjá kennaranum. Mundu eftir að vanda allan frágang.

# Lýst er eftir ...



Leitaðu í dagblöðum að dálkum þar sem lýst er eftir persónum, dýrum eða hlutum.

Klipptu út nokkra dálka og límdu á blaðið (snyrtilega).

# Frétt í dagblaði



Búðu til frétt sem birtist í dagblaði.Veldu þér atburð í sögunni sem gæti orðið frétt.

## Uppkast

Fyrirsögn á fréttinni: ______________________________

Staður og dagsetning: ______________________________

Lykilorð: ______________________________

Persónur: ______________________________

______________________________

Hvað gerist? ______________________________

______________________________

Hvar gerðist það? ______________________________

______________________________

Hvenær gerðist það? ______________________________

______________________________

Hvers vegna gerðist það? ______________________________

______________________________

Hvernig gerðist það? ______________________________

______________________________

Beinar tilvitnanir (t.d. í orð e-s) ______________________________

______________________________

______________________________

# Fréttatexti



Búðu nú til samfelldan fréttatexta og notaðu upp-kastseyðublaðið sem stuðning.

**Fréttamynd**

Höfundur:

## Bókasafn

A) Farðu á bókasafnið og finndu án hjálpar bókina: *Saga leikrit ljóð* eftir Njörð P. Njarðvík. Skrifaðu hjá þér það sem stendur á kili bókarinnar.

B) Farðu á bókasafnið og finndu hjálparlaust nafnið á hæsta fjalli Norður-Ameríku. Í hvaða bók fannstu svarið?

C) Finndu bók á bókasafninu um Færeyjar. Hvað heitir bókin og hver er höfundur hennar?

D) Finndu á bókasafninu bók þar sem fjallað er um lunda. Skrifaðu það helsta um fuglinn.

E) Hvaða númer á bókasafninu hafa bækur sem fjalla um eftirtalið:
a) líffræði
b) þjóðsögur
c) orðabækur
d) sögu Reykjavíkur.

F) Finndu á bókasafninu tíu bækur um Afríku. Skrifaðu niður titla bókanna.

**Það sem ég veit:**

**Það sem ég vil vita:**